



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

1950

70 ÁRA
AFMÆLISTÓNLEIKAR

2020



VELKOMIN

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og í beinu streymi á vef hljómsveitarinnar, sinfonia.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar: 12'

Fiðlukonsert: 35'

Hlé: 20'

Sinfónía: 55'

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Sigurður Ingvi Snorrason, Einar Jóhannesson og Kjartan Óskarsson leika léttu klassíska tónlist í Hörpuhorni fyrir tónleikana og í hléi. Þeir eru allir fyrrverandi klarínnettuleikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Forsíða: Dr. Róbert Abraham Ottósson æfir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Söngsveitina Fílharmoníu í Þýskri sálumessu eftir Brahms í Háskólabíói í nóvember 1961.

FIMMTUDAGUR 5. MARS 19:30

MAHLER OG SIBELIUS

70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri

Augustin Hadelich

einleikari

Páll Ísólfsson **Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar (1945)**

Forleikur

Þjóðlag

Vikivaki I

Vikivaki II

Jean Sibelius **Fiðlukonsert í d-moll op. 47 (1904–05)**

Allegro moderato

Adagio di molto

Allegro ma non troppo

Hlé

Gustav Mahler **Sinfónía nr. 1 í D-dúr (1884–88)**

Langsam, Schleppend. Immer sehr gemächlich

Kräftig bewegt, doch nicht zu schnell

Feierlich und gemessen, ohne zu schleppen

Stürmisch bewegt – Energisch

Afmæliskveðja frá forseta Íslands



Á 70 ára afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands sendi ég sveitinni, stjórnendum og starfslíði einlæggar árnaðaróskir. Í tímans rás hefur sveitin vaxið og dafnað, eflst í mótbyr og siglt með himinskautum í meðvindi. Þannig hamlaði það lengi vexti Sinfóníunnar að hafa ekki húsnæði við hæfi en liðsmenn hennar létu það ekki slá sig út af laginu. Nú er tónlistarhöllin Harpa heimkynni á heimsmælikvarða og utan hennar vekur sveitin líka lukku; um það vitna nú síðast tvær tónleikaferðir út fyrir landsteinanna.

Það var í raun þrekvirki að stofna Sinfóníuhljómsveitina árið 1950. Ísland var með fámennustu ríkjum veraldar og að mörgu var að hyggja sem kostaði sitt. Var þá vit í að verja fé til að láta fólk leika klassíska tónlist?

Þessu veltu Íslendingar fyrir sér og sitt sýndist hverjum. Blessunarlega höfðu þeir betur sem skildu að í sjálfstæðu lýðveldi og öflugu samfélagi þarf að hlúa að menningu og listum, menntun og andlegum þroska, fjölbreytni og ferskum straumum. Á Listamannaþingi laust eftir stofnun Sinfóníuhljómsveitarinnar mælti Halldór Laxness svo: „Vér, sem um aldraðir þreyðum hér, heil þjóð, án þess til væri hljóðfæri sem það nafn verðskuldar í öllu landinu, meðan evrópskir smákóngar, hversu hlægilegir sem þeir voru, og jafnvel þó þeir væru fávitar, áttu umráð yfir fullkomnum hljómsveitum, vér höfum nú loks eignast slíkan hljóðfæraflokk.“

Marteinn Lúter lifði í nánd við þá kónga, varð þeirri besti vin. Lúter sagði að ekkert á jörðu hefði meiri mátt en ljúfir tónar til þess „að gera döprum glatt í sinni, ... hughreysta huglausa, auðmýkja drambsama, sefa reida, lægja hatrið“.

Það vissu Íslendingar líka. Laxness tók sér skáldaleyfi þegar hann færði í stílinn að ekki hefði verið til á Íslandi hljóðfæri sem stæði undir nafni. Sú saga hefur verið sögð af Ragnheiði Brynjólfsdóttur biskups í Skálholti að þegar hún hélt til náms í Bræðratungu á unglingsárum um miðja sautjándu öld hefði hún varpað sér „strax á morgnana niður á bekkinn fyrir framan eikarborðið mikla sem klavikordið stendur á, eins og þyrstur ferðalangur niður á lækjarbakka“.

Góðir lesendur! Hér og nú fögnum við velgengni Sinfóníuhljómsveitar Íslands á merkum tímamótum hennar en gleðjumst um leið yfir öllu því ljósi og lífi sem tónlistin veitir. Á Íslandi okkar daga eru nær hundrað tónlistarskólar með um 15.000 nemendum. Ungviðið blæs í lúðra og strýkur strengi, ber bumbur og þenur raddbönd. Síðan ráða þjálfun og agi, hæfileikar og heppni hvort þau, sem á því hafa hug, ná að stiga á stóra sviðið. Þá er gott að eiga fyrirmyndir: Í hittifyrri voru tónsmíðar þriggja íslenskra tónlistarmanna á lista New York Times yfir 25 bestu verk þess árs, í fyrri var Víkingur Heiðar Ólafsson tónlistarmaður ársins hjá breska tónlistartímaritinu Gramophone og í ár bætti Hildur Guðnadóttir Óskarsverðlaunum við fjölmargar aðrar vegtyllur að undanförunu.

Já, njótum nú tónlistar og njótum nú Sinfóníuhljómsveitar Íslands, á sjötíu ára afmæli. Megi sveitin halda áfram að svala okkur, hughreysta og gleðja, mýkja og sefa.

Guðni Th. Jóhannesson

Tónlistin á miklu flugi



Í 70 ár hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands glatt landsmenn með leik sínum og lokið upp heimi tónlistarinnar fyrir ungum sem öldnum. Með ári hverju hefur hljómsveitinni vaxið ásmegin. Hinn 9. mars 1950 spiluðu 40 hljóðfæraleikarar á sviði Austurbæjarbíós undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Nú 70 árum síðar eru nær 90 fastráðnir hljóðfæraleikarar og hljómsveitin hefur skipað sér í sveit fremstu hljómsveita á Norðurlöndum eins og Páll Ísólffson spáði fyrir um í upphafi vegferðarinnar.

Framan af var hljómsveitin rekin af Ríkisútvarpinu en með samþykkt laga árið 1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands var sveitinni tryggt sjálfstæði. Í lögnum er kveðið á um að hljómsveitin skuli „auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m.a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarpi. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast.“

Sinfóníuhljómsveit Íslands fékk loks hljómléikasal við hæfi þegar tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa var opnað vorið 2011. Á hverju starfsári heldur hljómsveitin nú um 100 tónleika og hefur í auknum mæli haldið tónleika á landsbyggðinni. Hljómsveitin hefur rækt hlutverk sitt af miklum metnaði og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir hljóðritanir sínar.

Tómas Guðmundsson orti í hinni Fögru veröld:

*En niðri í míri litla lóan æfir
lögin sín undir
konsert morgundagsins*

Til skýringar sagði Tómas að erlendir listamenn eins og lóan, heimsæktu okkur og héldu konserta á heimsmælikvarða en Íslendingar héldu hljómléika. Nú hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur betur tekið flugið og heldur hljómléika á heimsmælikvarða um víða veröld. Hljómsveitin hefur að undanförmu sótt Bandaríkin, Þýskaland og Japan heim og er nýkomin úr velheppnaðri tónleikaferð til Bretlands.

Íslenskt tónlistarfólk vekur mikla athygli um þessar mundir og viðurkenningarnar hlaðast upp. Það er enginn efi að Sinfóníuhljómsveit Íslands á stóran þátt í því að bera út hróður íslenskrar tónlistar og auðga menningarlíf landsmanna.

Heill Sinfóníuhljómsveit Íslands á merkum tímamótum. Megi rödd hennar hljóma sem víðast um okomin ár.

Lilja D. Alfreðsdóttir

Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í Austurbæjarbíói 9. mars 1950. Róbert Abraham Ottósson stjórnaði hljómsveitinni, en á efnisskránni voru verk eftir Beethoven, Schubert, Haydn og Bartók.

Ljósmynd: Sigurhans Vignir (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).



Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri



Eva Ollikainen hefur vakið verðskuldaða Eathygli víða um heim fyrir innblásna hljómsveitarstjórn. Hún hóf píanónám þriggja ára og þótti efnilegur píanisti, en þegar komið var í Sibeliusar-akademíuna í Helsinki skipti hún um fag og lærði hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula og Leif Segerstam. Hún hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003 og var um skeið aðstoðarstjórnandi hjá Kurt Masur og Christoph von Dohnányi. Hún sótti einnig tíma í hljómsveitarstjórn hjá Bernard Haitink og Herbert Blomstedt við Tanglewood Music Center í Massachusetts.


Ollikainen hefur meðal annars stjórnað Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitunum í Stokkhólmi og Turku, Tapiola-sinfóniættunni og Sinfóníuhljómsveitunum í Helsingborg, Lahti og Þrándheimi. Þá hefur hún stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg og

Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín. Fyrir skömmu stjórnaði hún í fyrsta sinn Fílharmoníusveitinni í Helsinki, í Niundu sinfóníu Beethovens, og nýrri uppfærslu af Turandot eftir Puccini í Dönsku þjóðaróperunni. Þá stjórnaði hún í fyrra Beethoven-hring með Jönköping Sinfonietta og ballettunum Hnotubrjótnum og Svanavatninu við Semperoper í Dresden.

Ollikainen kom fyrst til Íslands haustið 2005 og stjórnaði framhaldsskólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara. Hún stýrði hljómsveitinni þrisvar sinnum á áskriftartónleikum á árunum 2007–10, meðal annars í sinfóníu nr. 4 eftir Brahms og Dafnis og Klói eftir Ravel, en stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019. Í júní sama ár var tilkynnt að hún tæki við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2020.

Augustin Hadelich

einleikari



Grammy-verðlaunahafinn Augustin Hadelich hefur skotist upp á stjórnuhimin klassískrar tónlistar með undraverðum hraða síðustu ár. Hann var valinn hljóðfæraleikari ársins 2018 af tímaritinu Musical America og þykir ná að sameina í leik sínum yfirburða tækni og djúpa túlkun á hátt sem fáum er gefinn.

Hadelich hefur komið fram með mörgum helstu hljómsveitum heims og starfar reglulega með hljómsveitarstjórum í fremstu röð. Á nýliðnu tónleikaári lék Hadelich meðal annars með Bæversku útvarpshljómsveitinni, Dönsku þjóðarhljómsveitinni, Finnску útvarpshljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham, auk þess sem hann kom í fyrsta sinn fram á tónlistarhátíðinni í Salzburg. Í Bandaríkjunum kom hann meðal annars

fram með Fílharmoníusveitinni í Los Angeles í Hollywood Bowl, en einnig í Cincinnati og Minnesota, svo fátt eitt sé nefnt.

Hadelich hefur yndi af því að leika kammertónlist og hefur meðal annars komið fram á kammertónleikum í Carnegie Hall, Concertgebouw í Amsterdam, Kennedy Center í Washington D.C., Wigmore Hall í Lundúnum og Louvre-safninu í París. Hann hlaut Grammy-verðlaun árið 2016 fyrir hljóðritun sína á fiðlukonsert Henri Dutilleux með Sinfóníuhljómsveit Seattle undir stjórn Ludovic Morlot. Fyrir aðra diska sína hefur hann meðal annars verið tilnefndur til Gramophone-verðlauna.

Hadelich leikur á fiðlu sem Giuseppe Guarneri del Gesù smíðaði árið 1744 („Leduc, ex Szeryng“), sem ónefndur velgjörðarmaður hefur falið honum til yfirráða gegnum Tarisio-stofnunina.



Páll Ísólfsson

Tónlistin á Íslandi

Ónefndur hópur hljóðfæraleikara lék tónlistina við Myndabók Jónasar Hallgrímssonar við frumflutninginn í Trípólíbíói árið 1945. Sinfóníuhljómsveit Íslands hljóðritaði verkið árið 1967 undir stjórn Bohdans Wodiczko og hefur sú upptaka stundum hljómað á Rás 1 Ríkisútvarpsins. Kammersveit Reykjavíkur lék tónlistina þegar leikritið var aftur fært upp á Kjarvalsstöðum og Litla sviði Þjóðleikhússins árið 1990.

ÚR MYNDABÓK JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR (1945)

Forleikur

Þjóðlag

Vikivaki I

Vikivaki II

Páll Ísólfsson (1893–1974) var einn atkvæðamesti tónlistarmaður Íslands um miðja síðustu öld. Auk starfa sinna sem dómorganisti gegndi hann ýmsum lykilstöðum í tónlistarlífinu, meðal annars sem tónlistarráðunautur Ríkisútvarpsins og skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík. Páll var meðal þeirra sem áttu frumkvæði að því að Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð vorið 1950. Þá var fyrirséð að Þjóðleikhús yrði vígt innan skamms og var ákveðið að koma á fót fullskipaðri hljómsveit sem gæti þjónað bæði Ríkisútvarpi og Þjóðleikhúsi og auk þess flutt opinbera sinfóníutónleika. Til starfseminnar rynni það fé sem Ríkisútvarp og Þjóðleikhús myndu hvort eð er verja í þessu skyni, auk styrkja frá ríki og borg.

Því er við hæfi að Páll Ísólfsson eigi upphafstónana á 70 ára afmælistónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Sú tónlist sem hér hljómar varð til fimm árum áður en hljómsveitin tók til starfa. Leiksýningin Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar var byggð á sögum og kvæðum listaskáldsins góða og frumflutt í leikstjórn Lárusar Pálssonar á Listamannáþingi í Trípólíbíói

á hundrað ára ártíð skáldsins árið 1945. Halldór Laxness valdi úr verkum hans og vann leikgerðina þannig til flutnings að ramminn var „Grasaferð“ Jónasar. Pilturinn og stúlkan eru á grasafjalli og hann er látinn segja henni ýmsar sögur.

Páll lagði leikgerðinni til sjö þætti fyrir strengjasveit auk tveggja sönglaga sem hafa síðan notið vinsælda: Sáuð þið hana systur mína og Kossavísur. Fjórir þættir verksins hljóma á tónleikunum í kvöld. Forleikurinn hefst með ábúðarfullum tónum en síðan taka við tilbrigði um Sáuð þið hana systur mína. Næsti þáttur ber yfirskriftina „Þjóðlag“ en þó er stefið frumsamið. Það er fremur þungbúið og gæti allt eins hafa verið kveðið af gamalli konu í torfbæ; það á raunar sitthvað skylt við annað leikhúslag Páls, Herrann sé eina huggun mín úr Gullna hliðinu frá árinu 1941. Þjóðlagið hljómar einradda í fyrstu en síðan í fagurri hljómsetningu. Því næst hljóma tveir frumsamdir dansar í íslenskum stíl þar sem Páll temur sér síkvik taktskipti rímalaga, og eru þessir vikivakar fágæt dæmi um þjóðleg áhrif í tónskáldskap hans.



Jean Sibelius

Tónlistin á Íslandi

Fiðlukonsert Sibeliusar hefur hljómað margoft á tónleikum SÍ. Ekki er rúm til að telja upp hér nema nokkra einleikara: Þorvaldur Steingrímsson (1959), Einar G. Sveinbjörnsson (1964), Ruben Varga (1967, undir stjórn Jussi Jalas sem var tengdasonur Sibeliusar), Itzhak Perlman (1975), Guðný Guðmundsdóttir (1981 og 2002), Sigrún Eðvaldsdóttir (1988, 1994, 1996 og 2008), og Judith Ingólfsson, sem lék konsertinn á tónleikaferð SÍ um Bandaríkin árið 2000, meðal annars í Carnegie Hall. Konsertinn hefur einnig hljómað á tónleikunum Ungir einleikarar, meðal annars í flutningi Rannveigar Mörtu Sarc (2014) og Guðbjarts Hákonarsonar (2019).

FIÐLUKONSERT Í D-MOLL OP. 47 (1904-05)

Allegro moderato

Adagio di molto

Allegro ma non troppo

Fiðlukonsertinn op. 47 er eini einleikskonsert Jeans Sibeliusar (1865–1957) og meðal þeirra tónsmíða hans sem nýtur mestra vinsælda. Sibelius minntist fyrst á konsertinn í bréfi til Aino eiginkonu sinnar í september 1902. Þar segir hann frá „stórkostlegri hugmynd“ sem hann hafi fengið að upphafstöktunum, sem eru vissulega óvenjulegir og heillandi. En Sibelius gekk illa að koma konsertinum í endanlegt form. Hann átti það til að drekka ótæpilega og liggur nærri að hann hafi haft fasta búsetu á knæpum Helsinkiborgar einmitt um það leyti sem hann var með konsertinn í smíðum. Frumflutningurinn í febrúar 1904 var hreinasta hörmung og gagnrýnendur tættu verkið í sig. Það var ekki fyrr en eftir 18 mánaða yfirlegu og allnokkrar styttingar að Sibelius leyfði að verkið hljómaði á ný, með ólíkt betri árangri.

Kannski er helsta ástæðan fyrir vinsældum konsertsins sú hversu góðu jafnvægi Sibelius nær milli kraftmikillar spilamennsku og kyrrlátra augnablíka. Upphafskaflinn hefst með glitrandi tónavef sem er kyrrstæður í hljómrænum skilningi en þó síkvikur.

Fiðluleikarinn vefur langar hendingar og leikurinn verður ástríðufyllri eftir því sem á líður. Sibelius tengir hina ólíku hluta þáttarins svo snilldarvel saman að það vill gleymast hversu örðugt honum reyndist að finna tónlistinni endanlegan búning.

Hægi kaflinn er hvíld eftir átök fyrsta þáttar. Klarínnett og óbó hefja leikinn með fingerðum dúettum, og lágstemmdri einleiksróddinni vex smám saman fiskur um hrygg. Lokapátturinn er þungstígur en fjörmikill dans, eða eins og enski gagnrýnandinn Donald Francis Tovey komst að orði: „pólónesa fyrir ísbirni“. Einleikarinn fer hér á kostum, með flaututónum, tví- og þrígrípum og ógnarhröðum tónstigum sem stundum virðast á mörkum hins gerlega.



SINFÓNÍA NR. 1 Í D-DÚR (1884–88)

Langsam, Schleppend. Immer sehr gemächlich

Kräftig bewegt, doch nicht zu schnell

Feierlich und gemessen, ohne zu schleppen

Stürmisch bewegt – Energisch

Gustav Mahler

Meðan Gustav Mahler (1860–1911) lifði var hann kunnari sem hljómsveitarstjóri en tónskáld. Tónlist hans þótti sérkennilega samansett, hálfgerð samsull af ólíkum tónlistarstefnum og gjörólík því sem hlustendur áttu að venjast hjá til dæmis Brahms eða Liszt. Sinfóniur Mahlers endurspeglu kannski að einhverju leyti þær andstæður sem einkenndu manninn sjálfan. Hann var ákafur náttúruunnandi og kunni hvergi betur við sig en í austurrísku fjalladýrdinni, en hann starfaði stærstan hluta ævinnar sem hljómsveitarstjóri í stórborgum: Búdapest, Vínaþborg og New York. Hann var gyðingur en tók kristna trú til að vera gjaldgengur sem óperustjóri í Vínaþborg; hann var tónskáld en gerði mest af því að stjórna verkum annarra til að hafa í sig og á. Hann var í senn endastöð rómantíkur undir lok níttjándu aldar og einn af upphafsmönnum módernismans á þeirri tuttugustu.

Mahler samdi fyrstu sinfóníu sína á undraskömmum tíma, sex vikum snemma árs 1888, og hún var frumflutt í Búdapest ári síðar. Viðtökur voru vægast sagt

dræmar og hið sama var uppi á teningnum þegar hún hljómaði í Vínaþborg. Gagnrýnendur kölluðu hugmyndir Mahlers hversdagslegar, jafnvel hreinustu lágkúru. Um fyrstu sinfóníuna lét Eduard Hanslick, virtasti tónlistargagnrýnandi Vínaþborgar, þessi fleygu orð falla: „Annar okkar hlýtur að vera genginn af göflunum – og það er ekki ég.“

Upphaf verksins vakti til dæmis furðu. Í strengjahljóðfærum heyrir einn og sami tónninn en á ólíku tónsviði, allt frá ógnardjúpum kontrabössum og upp í skæran tón í efstu fiðluröð. „Wie ein Naturlaut“, skrifar Mahler í nóturnar: „Eins og náttúruhljóð“. Sinfóníuhljómsveitin á að hljóma eins og náttúran sjálf; fuglarnir kvaka, sólin skín, í fjarska heyrir þytur í herlúðrum. Gaukshljóðin breytast í ljúft sellóstef sem á rætur sínar í sönglagi úr söngvasveig Mahlers, Lieder eines fahrenden Gesellen, eða Söngvar fòrusveins. Textana sótti hann í safn þýskra þjóðkvæða; í þessu tiltekna lagi er skáldið á morgungöngu yfir akurinn og heyrir fuglana tala til sín: „En hvað ég elska heiminn!“ Í öðrum þætti ríkir einnig sveitastemning. Tónlistin er dæmigerður

sveitadans, Ländler, sem nauð vinsælda í Austurríki og Sviss á 18. og 19. öld, með tilheyrandi hoppi og stappi á dansgólfinu.

Að sveitadansinum loknum breytir sinfónían snögglega um svip. Fyrri þættirnir tveir eru glaðvær tónlist með ívafi sveitasælu. Í hinum tveimur síðari er annað uppi á teningnum. Tónlistin er dökk og kaldhæðin, jafnvel grótesk, en leitar eftir lausn í birtu og fögnuð. Mahler sótti innblástur að þriðja kaflanum í teikningu eftir Moritz von Schwind, sem var kunningi Schuberts. Myndin kallast „Líkfyldg veiðimannsins“ og sýnir hvar dýrin í skóginum – kanínur, hreindýr, dádýr, úlfar og villisvín – hafa felld veiðimann nokkurn og bera hann til grafar. Hér er dregin upp mynd af heimi þar sem öllu hefur verið snúið á haus. Mahler laðar fram þessi áhrif í tónlist sinni með snilldarlegum hætti. Kaflinn hefst með stefi sem allir þekkja: Meistari Jakob, eða Bruder Martin eins og það heitir á þýsku. En Mahler snýr öllu á haus, setur stefið í moll og lætur ólíklegasta sólóhljóðfæri í allri hljómsveitinni spreyta sig á því: kontrabassa. Því næst bætast við fleiri dimmrödduð hljóðfæri, fagott,

selló og túba. Mahler sýnir hér að ógn getur falist jafnvel í hinum einfaldasta efniviði. Hann nýtur þess sömuleiðis að hrúga saman tónlist af ólíku tagi, láta eitt stef grípa fram í fyrir öðru. Í þessum þætti vitnar Mahler aftur í sönglag, í þetta sinn niðurlagið á Söngvum fòrusveins. Þar lýsir óhamingjusamur maður ástinni sem hann missti, og kveðst nú hvergi finna frið nema undir linditré sem stendur á veginum. Í miðri gróteskri jarðarförinni er þessi tilvitnun óvænt hvíldarstund.

Fjórði og síðasti kaflinn hefst með hveli; Mahler sagði að upphafstaktarnir ættu að koma eins og þruma úr svörtu skýi. Um skeið virðist sem sitthvað gangi úr skorðum í framvindu sinfóníunnar en þó kemur að því að hljómsveitin snýr vörn í sókn. Glæsilegur lúðrabytur heyrir af og til, og eftir langa glímu ná sigurvissar hendingarnar undirtökunum – eins og tónskáldið vinni sig með handaflí upp úr hlyldýpi eymdar og drunga. Sjálfur sagði Mahler um lokabáttinn: „Ætlun mín var að sýna baráttu þar sem sigurinn er fjærst hetjunni einmitt þegar henni sjálfri þykir hann vera innan seilingar. Þannig er það með alla glímu andans.“

Tónlistin á Íslandi

Fyrsta sinfónía Mahlers hefur hljómað tíu sinnum áður í flutningi SÍ, fyrst í Háskólabíói undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1972. Ellefu ár liðu þar til hún heyrðist á ný undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat, en síðan hefur hún hljómað hér á landi með nokkuð reglulegu millibili. Í Eldborg hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands flutt verkið undir stjórn Eivinds Aadland (2013) og Osmo Vänskä (2016). Sinfóníuhljómsveit unga fólksins flutti verkið sumarið 2016 undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.



Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Sinfónía í sjötíu ár

Það voru bjartir dagar í íslensku menningarlífi vorið 1950, þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið hófu starfsemi með aðeins fárra vikna millibili. Hið unga lýðveldi fann þörf til að láta að sér kveða í menningu og listum og með samstilltu átaki ríkis, borgar, Ríkisútvarps og einkaaðila tókst að tryggja fjármagn til reksturs sinfóníuhljómsveitar – þótt fyrstu árin væri hún eins konar kammersveit, taldi aðeins 40 hljóðfæraleikara. Oft var rekstrargrundvöllur tæpur og fór eftir þeim sem sátu við völd hverju sinni. Um skeið gekk sveitin undir nafninu „Sinfóníuhljómsveit Ríkisútvarpsins“ og veturinn 1955–56 lá tónleikahald alfarið niðri. Raunar var það ekki fyrr en árið 1982 að Alþingi samþykkti lög um hljómsveitina og setti þannig varanlegt form um rekstur hennar.

Kraftaverkið er auðvitað hversu vel hefur tekist að koma upp góðri sinfóníuhljómsveit á ekki lengri tíma. Sambærilegar hljómsveitir í háborgum heimsmenningarinnar byggja starf sitt á ævagömlum grunni, þar hafa framfarir verið markvissar svo öldum skiptir. En hér á landi var lítið um það sem kalla mætti klassíska tónlist á fyrstu árum 20. aldar. Í Reykjavík voru fáeinir hljóðfæraleikarar sem flestir

sinntu list sinni í hjáverkum. Hljóðfæri voru fá og engin framúrskarandi. Þegar Haraldur Sigurðsson píanóleikari hélt einleikstónleika í Gamla bíói árið 1914 varð hann að gera sér að góðu að leika sónötur Beethovens á stofupíanó, því að konsertflygill var ekki til staðar. Straumhvörf í samspili urðu ekki fyrr en árið 1921, þegar Þórarinn Guðmundsson stýrði á tónleikum hljóðfæraflokki sem síðar fékk heitið Hljómsveit Reykjavíkur og var eins konar forveri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Saga hljómsveitarleiks á Íslandi telur því enn innan við 100 ár.

Vitaskuld hafa meðlimir Sinfóníuhljómsveitarinnar sjálfir borið hitann og þungann af þeim framförum sem orðið hafa síðustu sjö áratugi. Með elju sinni, metnaði og þrotlausum æfingum hafa þeir lyft tónlistarmenningu landsins á nýtt stig. Þó er vert að minnast þess að nokkrir stjórnendur af erlendu bergi brotnir veittu hinni ungu sveit liðsinni sitt fyrstu árin, þegar starfsemin var enn brothætt og mikið reið á ötulli forystu. Stjórnandi á fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands var landflötta Þjóðverji af göyðingaættum, Róbert Abraham, sem hlaut hér vist árið 1935 og launaði lífgjöfina

Fræðslu- og skólatónleikar hafa verið mikilvægur þáttur í starfsemi hljómsveitarinnar allt frá stofnun hennar. Hér sést hljómsveitin leika fyrir fullum sal í Íþróttahúsi Melaskóla, líklega árið 1951 eða 1952.

Ljósmynd: Pétur Thomsen eldri (Ljósmyndasafn Reykjavíkur).

Vladimir Ashkenazy og Daniel Barenboim æfa píanókonsert nr. 2 eftir Chopin í Háskólabíói í desember 1971. Barenboim var einn þeirra framúrskarandi tónlistarmanna sem komu til Íslands fyrir tilstilli Ashkenazys. Þetta var í fyrsta sinn sem Ashkenazy stjórnaði tónleikum hljómsveitarinnar, en hann stýrði henni síðan á fjölda tónleika og tók við stöðu heiðursstjórnanda árið 2002.

Ljósmynd: Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon.



Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti starfsemi sína í Háskólabíói árið 1961 og var það aðsetur hennar í hálfu öld. Hér sjást skólaborðn flykkjast á tónleika hljómsveitarinnar, líklega um 1962–65.

með margvíslegu framlagi til tónlistarlífsins um áratuga skeið. Austurríkismaðurinn Victor Urbancic var annar snjall tónlistarmaður sem hingað flúði ógnarstjórn nasista og stýrði fjölmörgum tónleikum sveitarinnar fyrstu árin; landi hans, Páll Pampichler, var síðar aðstoðarstjórnandi sveitarinnar í meira en tvo áratugi. Hljómsveitin naut líka góðs af því að meðan það varði var Ísland í miðri víglínu kalda stríðsins. Sovésk og bandarísk menningaryfirvöld voru einkar fús til að senda hingað afburða tónlistarfólk, hljómsveitarstjóra og einleikara, sem auðguðu tónlistarlíf borgarinnar til muna. Þannig má nefna að tveir aðalstjórnendur hljómsveitarinnar, William Strickland frá Bandaríkjunum og Bohdan Wodiczko frá Póllandi, voru sendir hingað með samþykki yfirvalda í heimalandi sínu og jafnvel með

fjárhagslegum stuðningi þaðan. Á síðari árum ber líka að nefna stórmerkt framlag finnskra stjórnenda við framgang hljómsveitarinnar, en Eva Ollikainen tekur við stöðu aðalstjórnanda sveitarinnar haustið 2020 og fetar þar í fótspor landa sinna, Petri Sakari og Osmo Vänskä.

Ekki má heldur láta hjá líða að nefna Vladimir Ashkenazy, rússneska píanósnillinginn sem fyrst lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1964 og þreytti frumraun sína sem stjórnandi á tónleikum hennar árið 1971. Þannig hófst gæfuríkt samstarf sem lauk með tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitarinnar til Japans haustið 2018 og þótti hin mesta sigurför. Ashkenazy var talsmaður hljómsveitarinnar um víða veröld, fékk vini og samstarfsfólk hingað til tónleikahalds og átti drjúgan þátt í því að Harpa reis að sameiginlegu frumkvæði ríkis og borgar. Og sé litið yfir þann hóp stjórnenda sem Sinfóníuhljómsveitin hefur kallað til liðs sem aðalstjórnendur (og aðalgestastjórnendur) sést að hann er fjölbreyttur bæði hvað varðar efnistöð, persónuleika og landfræðilegan uppruna; stjórnendur frá Noregi (Kielland), Póllandi (Wodiczko), Frakklandi (Jacquillat og Tortelier), Englandi (Gamba), Ísrael (Volkov), Rússlandi (Ashkenazy og Rosdestvenskij) – og svo vitaskuld Finnarnir sem áður var getið.

Segja má að fyrstu 60 árin hafi Sinfóníuhljómsveit Íslands glímt við ófullnægjandi starfsskilyrði. Tónleikar hennar fóru fram í Austurbæjarbíói og Þjóðleikhúsinu fyrstu árin, síðar í Háskólabíói. Upp úr 1980 komst umræða um tónlistarhús í Reykjavík á skrið. Því var fyrst ætlaður staður í Laugardal en árið 1998 lagði stýrihópur á vegum ríkis og borgar til að húsið risi í miðbæ Reykjavíkur. Með opnun Hörpu vorið 2011 sköpuðust í fyrsta sinn kjöraðstæður fyrir hljómsveitina og má fullyrða að á þeim tæpa áratug sem síðan er liðinn hafi starfsemi hennar blómstrað.



Fjölbreytni ríkir í verkefnavali hljómsveitarinnar sem spannar allt frá barokktónlist til frumflutnings á nýjum verkum. Sú áhersla sem lögð er á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar hefur vakið athygli víða, síðast með hljómdiskinum Concurrence sem kom út í lok síðasta árs og fékk fyrir fáeinum dögum fyrirtaks umsögn í því virta blaði Gramophone. Þess má geta að á síðustu fimmtán árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið inn á yfir 30 hljómdiska sem flestir hafa komið út hjá alþjóðlegum forlögum og hlotið umfjöllun og lof víða um heim. Þannig nær hljómsveitin til stærri hlustendahóps en gæti nokkru sinni rúmast í Hörpu eða öðrum þeim söllum sem hún leikur í. Sú tónlist sem gefin hefur verið út síðustu ár er af einkar

fjölbreyttum toga: Anna Þorvaldsdóttir, Daniel Bjarnason og Jón Leifs, svo dæmi séu tekin, en einnig Skálmöld og Páll Óskar. Sé Sinfóníuhljómsveit Íslands borin saman við sambærilegar sveitir í öðrum löndum sker hún sig úr fyrir fjölbreytni verkefnavals, og þannig nær hún líka til breiðari hóps hlustenda en ella.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einmitt allt frá fyrsta degi verið þjóðarhljómsveit og forráðamenn hennar meðvitaðir um nauðsyn þess að ná til sem flestra – með ýmsum hætti. Samstarf við Ríkisútvarpið hófst þegar með fyrstu tónleikum hennar, sem voru hljóðritaðir en raunar ekki sendir út beint. Í árána rás hefur RÚV verið dyggur fylginautur hljómsveitarinnar í beinum útsendingum

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur farið í 22 tónleikaferðir til útlanda, meðal annars til Frakklands, Þýskalands, Austurríkis, Bandaríkjanna og Japan. Hér sést Osmo Vänskä stjórnna hljómsveitinni á sviði Carnegie Hall í New York árið 1996, en tónleikarnir þar hlutu mikið lof tónlistargagnrýnanda The New York Times.

Ljósmynd: Steve J. Sherman.



og um leið skapað ómetanlegt safn sem ekki á sinn líka þegar kemur að skráningu íslenskrar menningarsögu: hljóðritanir nær allra tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands allt frá upphafi. Undanfarin ár hefur hljómsveitin tekið nýja tækni í sína þjónustu og streymt völdum tónleikum bæði á netinu og í útsendingum til skóla á landsbyggðinni. Fræðslustarf hefur verið hluti af starfi hljómsveitarinnar frá fyrstu tíð. Hún hélt fyrstu formlegu skólatónleika sína árið 1952 og á síðustu árum hefur sá hluti starfsins verið eflur með skipulögðum hætti. Nú sækja um 15.000 börn og ungmenni fræðslutónleika hljómsveitarinnar hvert ár, og ekki má heldur gleyma Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem hefur síðastliðinn áratug gefið efnilegum tónlistarnemum kost á hljómsveitarspili við bestu mögulegu aðstæður.

Tónleikaferðir eru fastur liður í starfi sinfóníuhljómsveita um allan heim. Þannig gefst tækifæri til að kynnast nýjum áheyrendum og sinna hinna listrænu köllun á breiðari vettvangi en ella. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur farið reglulega í tónleikaferðir

Á 40 ára afmæli Sinfóníuhljómsveitarinnar árið 1990 var tekin ljósmynd af fimm frumherjum sem höfðu starfað með hljómsveitinni allt frá upphafi, og léku allir með á fyrstu tónleikunum 1950: (frá vinstri) Björn R. Einarsson, Jónas Dagbjartsson, Þorvaldur Steingrímsson, Ingvar Jónasson og Páll P. Pálsson.

Ljósmynd: Brynjar Gauti Sveinsson

innanlands allt frá fyrsta starfsári sínu. Fyrsta utanlandsferðin var til Færeyja árið 1977 en síðan hefur sveitin farið lengri vegalengdir og jafnvel í aðrar heimsálfur. Meðal áfangastaða má nefna Musikverein í Vínarborg (1981), Carnegie Hall í New York (1996 og 2000), Royal Albert Hall í Lundúnum (2014) og Konzerthaus í Berlín (2019). Á slíkum tónleikum er leikur hljómsveitarinnar metinn á alþjóðlegan mælikvarða sem mark er tekið á. Þegar aðalgagnrýnandi The New York Times segir kvöld með Sinfóníuhljómsveit Íslands vera „algjörliga einstakt“ og flutning hennar á sínfóníu eftir Sibelius vera einn þann besta sem hann hafi heyrt – þá sperrir heimsbyggðin eyrun. Og orðspor Íslands vex. Eða eins og ónefndur höfundur ritaði í eitt Reykjavíkurblaðanna árið 1951, þegar deilt var um tilveru hinnar nýstofnuðu hljómsveitar: „Það eru þó, þegar á allt er litið, fyrst og fremst menningarleg og listræn afrek íslensku þjóðarinnar, sem hafa skipað henni virðingarsess á meðal þjóðanna, en ekki baráttan fyrir munnni og maga, svo nauðsynleg sem hún er.“

Nýjar áskoranir bíða. Tímarnir gera aðrar kröfur til sinfóníuhljómsveita en áður var, um aukna fagmennsku og meiri fjölbreytileika, að spegla samfélag sitt með öðrum og breiðari hætti. Tónlist kventonáskálda sem lengi lá í glatkistunni er eitt dæmi um slíkt; sama gildir um verk höfunda sem tilheyra minnihlutahópum og hafa því ekki fengið tækifæri sem þeim bar. Það að árið 2020 skuli kona í fyrsta sinn gegna stöðu aðalstjórnanda segir líka sína sögu. Sjöttíu ár kunna að vera lögboðinn eftirlaunaaldur þegar einstaklingar eiga í hlut, en Sinfóníuhljómsveit Íslands gengur forvitin og framsækinn inn í nýjan áratug.

Árni Heimir Ingólfsson

Með tilkomu Hörpu fékk Sinfóníuhljómsveit Íslands
loks tónleikasal á heimsmeilivarða. Hér er
hljómsveitin ásamt Víkingi Heiðari Ólafssyni
einleikara á fyrstu tónleikunum í Hörpu í maí 2011.

Ljósmynd: Morgunblaðið/Ómar.



Hljómsveit á tónleikum

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laura Liu
Pascal La Rosa
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Justyna Bidler
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Benedikte Damgaard
Ingrid Karlsdóttir
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Guðnadóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Ásdís Hildur Runólfsdóttir
Łucja Koczot
Herdís Anna Jónsdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Lovísa Fjeldsted
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen

Bassi

Xun Yang
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Páll Hannesson
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

Klarínnett

Grímur Helgason
Helga Björg Arnadóttir
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjann Ingason
Bryndís Þórsdóttir
Eugénie Ricard

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene
Casey Rippon
Rakel Björt Helgadóttir
Guðmundur Andri Ólafsson

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson
Ásgeir Steingrímsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar
Frank Aarnink

Slagverk

Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson
Pétur Grétarsson

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir

1. konsertmeistari

Nicola Lolli

1. konsertmeistari

N.N.

2. konsertmeistari

Una Sveinbjarnardóttir

3. konsertmeistari

Andrzej Kleina

Bryndís Pálsdóttir

Helga Þóra Björgvinsdóttir

Hildigunnur Halldórsdóttir

Júliana Elín Kjartansdóttir

Laufey Jensdóttir

Laufey Sigurðardóttir

Laura Liu

Lin Wei

Margrét Kristjánsdóttir

Olga Björk Ólafsdóttir

Pálína Árnadóttir

Rósa Hrund

Guðmundsdóttir

Zbigniew Dubik

2. fiðla

Páll Palomares

leiðari

Vera Panitch

staðgengill leiðara

Christian Diethard

Dóra Björgvinsdóttir

Greta Guðnadóttir

Gunnhildur Daðadóttir

Ingrid Karlsdóttir

Kristján Matthíasson

Margrét Þorsteinsdóttir

Ólaf Þorvarðsdóttir

Roland Hartwell

Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Þórdís Stross

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir

leiðari

N.N.

staðgengill leiðara

Eyjólfur Alfreðsson

Guðrún Hrund Harðardóttir

Guðrún Þórarinsdóttir

Herdís Anna Jónsdóttir

Kathryn Harrison

Lucja Koczot

Sarah Buckley

Svava Bernharðsdóttir

Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson

leiðari

Steiney Sigurðardóttir

staðgengill leiðara

Bryndís Björgvinsdóttir

Bryndís Halla Gyldfadóttir

Guðný Jónasdóttir

Hrafnkell Orri Egilsson

Lovísa Fjeldsted

Margrét Árnadóttir

Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Xun Yang

leiðari

Páll Hannesson

staðgengill leiðara

Hávarður Tryggvason

Jacek Karwan

Richard Korn

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir

leiðari

Áshildur Haraldsdóttir

staðgengill leiðara

Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel

leiðari

Matthías Nardeau

staðgengill leiðara

Peter Tompkins

Klarínett

Arn Gunnur Árnadóttir

leiðari

Grímur Helgason

staðgengill leiðara

Rúnar Óskarsson

Fagott

N.N.

leiðari

Briðjón Ingason

staðgengill leiðara

Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson

leiðari

Asbjörn Bruun

staðgengill leiðara

Emil Friðfinnsson

Frank Hammarin

Joseph Ognibene

Trompet

NN

leiðari

Einar Jónsson

staðgengill leiðara

Eiríkur Örn Pálsson

Guðmundur Hafsteinsson

Jóhann Stefánsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson

leiðari

Oddur Björnsson

staðgengill leiðara

David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron

leiðari

Harpa

Katie Buckley

leiðari

Píanó

Anna Guðný

Guðmundsdóttir

leiðari

Pákur

Soraya Nayyar

leiðari

Slagverk

Steeff van Oosterhout

leiðari

Frank Aarnink

staðgengill leiðara

Eggert Pálsson

Starfsmenn

Framkvæmdastjóri

Lára Sóley Jóhannsdóttir

Tónleikastjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir

Listrænn ráðgjafi

Árni Heimir Ingólfsson

Markaðs- og kynningarstjóri

Margrét Ragnarsdóttir

Fræðslustjóri

Hjördís Ástráðsdóttir

Mannauðsstjóri

Una Eypórsdóttir

Nótnavörður

Kristbjörg Clausen

Fjármálastjóri

Svanhvít Hrólfsdóttir

Markaðsfulltrúi

Jökull Torfason

Fulltrúi á skrifstofu

Júliana Aradóttir

Umsjónarmaður nótna

Larissa Weidler

Verkefnastjóri sviðs-og

tæknimála

Sigþór J. Guðmundsson

Stjórn

Sigurbjörn Þorkelsson,

formaður

Herdís Þórðardóttir,

varaformaður

Oddný Sturludóttir

Fríðjón R. Fríðjónsson

Hávarður Tryggvason

Verkefnavalsnefnd

Árni Heimir Ingólfsson *formaður*

Anna Sigurbjörnsdóttir

Anna Þorvaldsdóttir

Bjarni Frimann Bjarnason

Guðrún Hrund Harðardóttir

Hjördís Ástráðsdóttir

Julia Hantschel

Margrét Ragnarsdóttir

Nicola Lolli

Sigurður Þorbergsson



Á DÖFINNI HJÁ SINFÓNÍUNNI

FIM **12. MARS** 19:30

RÚSSNESK VEISLA

Sergej Rakhmanínov Píanókoncert nr. 3

Pjotr Tsjajkovskíj Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

Ígor Stravinskíj Eldfuglinn, svíta

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómveitarstjóri

Olga Kern
einleikari

LAU **14. MARS** 14:00 & 16:00

LITLI TÓNSPROTINN

DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ

Atli Heimir Sveinsson Dimmalimm

Pjotr Tsjajkovskíj Úr Svanavatninu

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómveitarstjóri

Halldóra Geirharðsdóttir
sögumaður

Nemendur úr Listdanskóla Íslands

Gradualekór Langholtskirkju

FIM **19. MARS** 19:30

MOZART OG KURT WEILL

Ígor Stravinskíj Sinfóníur fyrir blásara

Kurt Weill Fiðlukonsert

W.A. Mozart Serenaða nr. 10, „Gran partita“

Osmo Vänskä
hljómveitarstjóri

Erín Keefe
einleikari

FÖS **20. MARS** 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN

UPPLJÓMUÐ NÓTT

Arnold Schönberg Verklarte Nacht (Uppljómuð nótt)

Béla Bartók Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu

Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómveitarstjóri

FIM **26. MARS** 19:30

RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA II

Sofia Gubaidulina Offertorium, fiðlukonsert

Sergej Rakhmanínov Sinfónía nr. 2

Antonio Méndez
hljómveitarstjóri

Vadim Gluzman
einleikari

MIÐ **1. APRÍL** 20:00

AIÓN

Anna Þorvaldsdóttir og Erna Ómarsdóttir AIÓN

Íslenski dansflokkurinn
Sinfóníuhljómsveit Íslands

Erna Ómarsdóttir í samvinnu við dansara Íslenska dansflokksins
danshöfundur

Anna Þorvaldsdóttir
tónverk

Anna-María Helsing
hljómveitarstjóri

MIÐVIKUDAGUR **27. MAÍ** 18:30

FÖSTUDAGUR **29. MAÍ** 18:30

VALKYRJAN

Richard Wagner Valkyrjan (Die Walküre)

Alexander Vedernikov
hljómveitarstjóri

Julia Burbach
leikstjóri

Tal Rosner
vídeóhönnun og útlit

Einsöngvarar
Christine Goerke, Christopher Ventris, Jamie Barton, Claire Rutter, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Štefan Kocán, Lilja Guðmundsdóttir, Sigrún Pálmadóttir, Margrét Hrafnadóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Agnes Thorsteins, Nathalía D. Halldórsdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir og Svanhildur Rósa Pálmadóttir.

Niflungahringur Richards Wagner er án nokkurs vafa ein metnaðarfyllsta ópera sem fyrirfinnst í tónlistarsögunni. Fjórar óperur mynda verkið og við smíði sögunnar sótti Wagner ekki aðeins efni í hið þýska Niflungaljód, heldur einnig Eddukvæði, Snorra-Eddu og Völsunga sögu sem hann átti í förum sínum í þýskri þýðingu. Nú hljómar þetta meistaraverk Wagners í fyrsta sinn í fullri lengd á Íslandi, í glæsilegri og frumlegri upp færslu með söngvurum á heimsmaelikvarða.

Valkyrjan er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík.



Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Aðalstyrktaraðili

GAMMA